Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 18.2.2021

SFS2021020142

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um breytingar á lögum varðandi fagráð eineltismála, mál 35/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 4. febrúar sl., þar sem kynnt er til samráðs áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála).

Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar:

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar áformum um breytingu á lagalegri umgjörð eineltismála á grunn- og framhaldsskólastigi. Mikilvægt er að skýra hlutverk og heimildir fagráðs eineltismála. Einnig er brýnt að tryggja að ætíð sé farið með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá þarf að tryggja grundvöll fagráðsins þannig að það geti starfað á sem árangursríkastan hátt með hagsmuni allra barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi að leiðarljósi.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs